

Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 5. nóvember 2020
UST202010-202/P.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda við Leiðarenda innan Reykjanesfólkvangs

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Hafnarfjarðarbæjar, dagsett 21. október 2020, um leyfi til framkvæmda við Leiðarenda innan Reykjanesfólkvangs.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Um er að ræða frágang bílastæðis sem gert var við hellinn Leiðarenda haustið 2020. Framkvæmdin er í samræmi við gildandi deiliskipulag. Gert er ráð fyrir 17 stæðum fyrir fólksbíla og 2 fyrir rútur. Samhliða verður lagt þunnt grúslag frá bílastæðinu nokkra metra að göngustíg sem fyrir er á svæðinu þar sem er drullusvað. Verkið er unnið í nokkrum áföngum. Búið er að grófvinna bílastæðið og leggja út efni í það. Í þessum áfanga er stefnt að því að laga kanta bílastæðis, setja upp umferðareyju, laga brekku í upphafi göngustígsins og slétta og minnka halla, setja upp teljara á tvo staura við upphaf göngustígs auk þess að setja upp nýtt göngu og upplýsingaskilti í stað annars sem var tekið niður vegna framkvæmdanna. Í kanti bílastæðis verða settir upp upp kambstálpinnar með auga og kaðall þræddur í gegn til að stýra umferð gesta og koma í veg fyrir að þeir fari út í mosann. Að verkinu koma þrír starfsmenn á vörubíl og hjólaskóflu. Ráðgert er að verkið taki 3 virka daga.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins sé farið eftir þeim skilyrðum sem sett eru fram. Framkvæmdin mun draga úr álagi á svæðið og bæta ásýnd þess.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Hafnarfjarðabæ fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdum við Leiðarenda innan Reykjanesfólkvangs sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 6. -30. nóvember 2020 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/bílastæði þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/bílastæðis að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.


Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að sækja þarf um leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum áður en vinna við verkefni hefst. Afgreiðslutími slíkra leyfa getur verið allt að 30 dagar.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt



Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur



René Biasone
sérfræðingur